

F.h. Íbúasamtaka
miðborgar og
Verkefnisstjórnar
miðborgarmála:
Benóny Ægisson og
Sæunn Ósk
Unnsteinsdóttir



UMHVERFISGANGA UM IÐNAÐARMANNAREIT

Það er mál manna á Iðnaðarmannareit að verkefnið Umhverfisganga hafi orðið þeim sem þar búa og starfa til góðs. Mikil samstaða hefur verið um að bæta ástandið og höfum við notið dyggrar aðstoðar starfsmanna Reykjavíkurborgar við það. Verkefnið hefur orðið til þess að stytta boðleiðir milli allra þessara aðila og því er einfaldara að takast á við þau mál sem upp munu koma í framtíðinni.

Efnisyfirlit

Umhverfisganga – hvað er nú það?	2
Inngangur og skipulag	3
UmHverfisganga um Iðnaðarmannareit	3
Hreinsun	3
Lýsing	4
Gönguleiðir	4
Veggjakrot	5
Skólavörðustígur	5
Ónæði	5
Hvað svo?	6
Framkvæmdartímabil	6
Hreinsun	6
Lýsing	6
Gönguleiðir	7
Veggjakrot	8
Skólavörðustígur	8
Ónæði	8
Takk fyrir samstarfið!	8
Matsganga um Iðnaðarmannareit	9
Veggjakrot	9
Ónæði frá næturlífi	10
Hreinsun	10
Öryggi og eftirlit	10
Fegrun	10
Annað	11
Að lokum	11
Fylgiskjal 1. Könnun	12
Fylgiskjal 2 – Veggjakrot og umhverfisvakt	19
Fylgiskjal 3 – bréf vegna umhverfisgöngu	22

Umhverfisganga – hvað er nú það?

Umhverfisgöngur eru tilraunaverkefni Íbúasamtaka Miðborgar í samstarfi við verkefnisstjóra miðborgarmála. Þetta eru göngur um afmörkuð svæði eða götur í hverfinu og er tilgangur þeirra að vera samráðsvettvangur borgaryfirvalda við íbúa til að bæta umhverfi þeirra. Reykjavíkurborg styrkir verkefnið.

Hverfisgöngur sem þessar eru aðferð til að leita samráðs við íbúa og þá sem eru starfandi í ákveðnu hverfi, götu eða hverfishluta um hvernig þeir upplifi nærumhverfið, t.d. með tilliti til öryggis, útiveru, aðgengi að þjónustu o.s.frv. Þátttakendur geta auk íbúa verið kjörnir fulltrúar, embættismenn, starfsfólk sveitarfélags á umhverfissviði og aðrir sem bera ábyrgð á hvernig nærumhverfið lítur út. Það felur í sér að fólk gengur saman um hverfið, eftir fyrirfram ákveðinni leið, og skoðar hvernig umhverfið lítur út með tilliti til öryggis og lífsgæða og ræðir hvaða úrbóta sé þörf.

Hugað að:

Öryggi

Útiveru

Ástandi eigna og umhverfis

Aðgengi að þjónustu

Lífsgæðum

Þátttakendur:

Íbúar

Kjörnir fulltrúar og embættismenn

Starfsmenn á umhverfissviði

Aðrir embættismenn og starfsmenn eftir því sem

við á, td. lögregla

Aðrir hagsmunaaðilar

Gangan:

Hámark ein og hálf klukkustund

Hámarksvegalengd 3 km

Jöfn þátttaka kynja

Þátttaka barna ef það á við

Upplýsingum miðlað

Að göngu lokinni:

Hvað má bæta?

Aðgerðaáætlun

Framkvæmdatími

Gangan endurtekin

Mat

Hvað þarf að gera?

Frumkvæði þarf að koma frá íbúum

Skilgreint göngusvæði og áherslur

Skipa göngustjóra

Íbúasamtökin og verkefnastjóri miðborgarmála

aðstoða við kynningu og framkvæmd

Íbúar í miðborginni geta sótt um að taka þátt í þessu verkefni með því að senda póst á netfangið midbaerinn@midbaerinn.is

Inngangur og skipulag

Umhverfisgöngur skiptast í þrjá meginhluta:

Umhverfisganga

Fyrst er farin ganga um ákveðið svæði og það tekið út með tilliti til þess hvað þarf að gera til að bæta öryggi, ástand eigna og umhverfis, aðgengi að þjónustu og auka lífsgæði almennt á viðkomandi svæði.

Framkvæmdartímabil

Síðan tekur við framkvæmdatímabil þar sem reynt er að færa allt til betra horfs.

Matsganga

Að lokum er farin önnur ganga þar sem framkvæmdin er metin, árangur mældur og teknar ákvarðanir um framhald, sé þörf á því.

UmHverfisganga um Iðnaðarmannareit

Fyrsta UmHverfisganga Íbúasamtaka Miðborgar Reykjavíkur var gengin 16. ágúst 2017 um Iðnaðamannareit, sunnan Skólavörðustígs neðanverðs. Þarna er blönduð byggð, íbúa og fyrirtækja, borgareignir og eignir í eigu almennings, veitingastaðir og ferðamannagisting svo nokkuð sé nefnt og vegna fjölbreytileikans þótti þetta svæði ákjósanlegt til að gera þessa fyrstu tilraun.

Þátttakendur í göngunni voru auk íbúa og rekstraraðila á svæðinu, fulltrúar frá Umhverfis og skipulagssviði, Bílastæðasjóði, Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða, verkefnisstjórn miðborgarmála og Lögreglustöð 1. Í göngunni var einkum hugað að baklóðum, gönguleiðum milli húsa og bílastæðum og það sem var skoðað var m.a. veggjakrot, lýsing, skemmdarverk, sóðaskapur og slæm umgengni og rætt um hreinsun og lagfæringar, ónæði frá næturlífi og hávaða frá flutningabílum.

Hreinsun

Gras og illgresi á milli gangstéttarhellna, og rusl í trjábeðum og á opnum svæðum var þónokkuð en hverfamiðstöðin á Njarðargötu hefur þegar brugðist við því og hreinsað það svæði sem telst almennarými auk þess að gera ýmsar smálagfæringar. Þessi skjótu viðbrögð voru afskaplega ánægjuleg og ber að þakka þau. Ástandið er hinsvegar sýnu verst á bílastæði í einkaeigu sem liggur austan Ingólfsstrætis milli húsana 5 og 7. Svæði þetta nota gestir nærliggjandi öldurhúsa mikið til fíkniefnaneyslu og hefur ýmisleg ókræsilegt rusl fundist þarna þar á meðal sprautur og sprautunálar. Heilbrigðiseftirlitinu var gert viðvart í byrjun maí 2017 en ástandið hafði ekkert batnað og hefur formaður ÍMR nú ítrekað erindið og til stendur að hafa samband við eigendur verslunarinnar Víðis Express sem bera ábyrgð á svæðinu.

Lýsing

Nágrannar eru orðnir langþreyttir á veggjakroturum og hópum sem stunda fíkniefnaneyslu og sölu á baklóðum við Skólavörðustíg og Ingólfsstræti, á bílastæðum og í bílastæðahúsinu Bergstöðum en lítil lýsing er á svæðinu sem gerir það kjörið til slíkra myrkraverka. Engin lýsing er t.d. á gönguleið milli húsanna Skólavörðustígs 4 og 6 og 6B og lóðar Ingólfsstrætis 7 en hún er mjög fjölfarin enda stysta leið frá Skólavörðustíg að Bónusversluninni í Iðnaðarmannahúsinu. Á bílastæðinu norðan við Iðnaðarmannahúsið eru einungis tveir ljósastaurar og í bílastæðahúsinu er lýsingu ábótavant. Rætt var um að íbúar gættu þess að útidyraljós þeirra væru virk en einnig þyrfti borgin að bæta þarna lýsingu og myndi það án efa hafa ákveðinn fælingarmátt fyrir myrkraöflin.

Gönguleiðir

Við fyrrnefnda gönguleið frá Skólavörðustíg að Iðnaðarmannahúsi var fyrir nokkru reist girðing milli lóðar Skólavörðustígs 6B og bílastæðis á lóð Ingólfsstrætis 7. Þessi girðing er í raun bara grind og hefur

aldrei fengið að vera í friði fyrir fólki sem finnst það réttur sinn að geta gengið óhindrað yfir bílplanið til veisluhalds undir skyggjunu á 6B. Þetta gerist með þeim hætti að fyrst er rutt niður hlöðnum kanti undir girðingunni og skriðið undir girðinguna en síðan eru rimar hennar brotnar til að gera greiðari leið. Þarna þarf að koma upp mannheldri girðingu en spurningin er hver á að reisa hana og kosta. Þó gönguleiðin þarna sé almennarými þá er lóðin eign



Mynd 1er af lóðamörkum Skólavörðustígs 6b og Ingólfsstrætis 7 þar sem síðar var reist girðing.

íbúa 6B og var m.a. a rætt um hvort mætti loka gönguleiðinni og virðist svo sem íbúar á 6B hafi fullan rétt til þess. Miðað við fyrri reynslu gæti það reynst örðugt og því var einnig rætt um að kanna hvort borgin vildi styrkja endurgerð girðingarinnar og yrði hún þá úr timbri eða bárujárn eins og nærliggjandi girðingar en auðvitað yrði hún fallegust ef hún væri hlaðin úr holtagrjóti í stíl við steinveggi á Skólavörðustíg 4 og 4C. Ef borgin legði til slíkt grjót væri án efa hægt að fá næga sjálfboðaliða til að reisa slíkan vegg.

Veggjakrot

Veggjakrot hefur verið viðvarandi vandamál á svæðinu um nokkra hríð. Svæðið er svokallað „bombusvæði“ þ.e.a.s. að hópar krotara telja sér nánast skylt að setja merki sín (tögg) þar og hefur það kostað húseigendur stórfé að hreinsa burt eða mála yfir óhroðann og margir hafa hreinlega gefist upp á því. Rætt var um að gera sameiginleg átak og hreinsa svæðið og reyna svo að halda því í horfinu. Bílastæðasjóður mun á næstunni láta mála yfir krot á Bergstöðum og var rætt um að aðrir húseigendur myndu þá hreinsa sína vegg á svipuðum tíma svo allt svæðið yrði hreint. Myndi það senda kroturunum skýr skilaboð. Einnig var rætt um hvort hægt væri að koma upp eftirlitsmyndavélum til að ná myndum af skemmdarvörgunum en einnig var kvartað yfir því að lítið væri gert með slíkar myndir sem þegar hafa náðst af kroturum við iðju sína á Skólavörðustíg. Fólk var einnig undrandi yfir því að ekki sé lítið á eignaspjöll eins og veggjakrot sem refsivert hátterni heldur þurfi húseigendur að standa í kærumálum og veseni vilji þeir að eitthvað sé gert í málunum en margir nenna ekki að standa í slíku.

Skólavörðustígur

Þessi hluti Skólavörðustígs hefur undanfarin ár verið lokaður fyrir bílaumferð á sumrin og er götunni lokað með reiðhjólahlíðum. Þessi hlið hafa meðal annars valdið sjúkraflutningamönnum vandræðum og þarf að finna betri lausn á þessum lokunum eigi að halda lokunum áfram því eins og nú er þá er öryggi ábótavant og íbúar, rekstraraðilar og vegfarendur í hættu. Svo má benda á að enginn brunahani er á neðsta hluta Skólavörðustígs en þar eru timburhús sem byggð voru í kringum aldamótin 1900 og teljast til menningarverðmæta. Einnig er óánægja með myndlistarsýningar sem hafa verið í götunni, þær spilla götumyndinni, skyggja á verslanir, gömul falleg hús og útsýnið upp eftir Skólavörðustíg að Hallgrímskirkju sem ferðamenn þreystast aldrei á að mynda. Einnig eru viðargrindurnar sem myndirnar standa á handónýtar svo auðvelt er að skemma þær og engin festa er í malbikinu svo þær losna ef eitthvað hreyfir vind. Ef framhald á að vera á slíkum sýningu er það krafa íbúa og rekstraraðila að þær verði haldnar einhversstaðar þar sem þær fara betur með umhverfið.

Ónæði

Allmikið ónæði hefur orðið vegna fíkniefnaneyslu á baklóðunum en þar stundar fólk á nærliggjandi veitingastöðum þá iðju. Þá er einnig talsvert ónæði vegna vöruflutningabíla sem koma með vörur í Bónus. Margir bílstjóranna bakka yfir allt bílastæðið norðan við Bónus með tilheyrandi viðvörunarhljóðum og ónæði fyrir íbúa og einkum er þessi umferð snemma á morgnana. Formaður ÍMR tók að sér að hafa samband við eigendur verslunarinnar til að freista þess að finna betra fyrirkomulag á þessum flutningum.

Hvað svo?

Skipað var þriggja manna teymi sem tók að sér að fylgja þeim úrbótum eftir sem nauðsynlegar eru. Teymið skipa Benóný Ægisson, fulltrúi íbúa, Jóhann Jónsson, fulltrúi rekstraraðila og Elísabet Ingadóttir, fulltrúi Reykjavíkurborgar. Til að halda fólki vel upplýstu var gerður netfangalisti og lokaður hópur hefur verið stofnaður á Facebook. Fb-hópurinn heitir Iðnaðarmannareitur og þurfa áhugasamir að finna hann og óska eftir inngöngu. Nú liggur fyrir að gera aðgerðaáætlun og í raun er hreinsunarstarf þegar byrjað og einnig eru íbúar byrjaðir að bæta lýsingu. Það sem helst knýr á er að ákveða dag til að mála yfir og hreinsa burt veggjakrot en til að sú aðgerð verði sem áhrifaríkust er sameiginlegt átak nauðsynlegt þannig að allt veggjakrot verði fjarlægt á sama tíma.

ÍMR/23.8.2017/Benóný Ægisson

Framkvæmdartímabil

Framkvæmdir á reitnum hafa nú staðið yfir í tæpt ár og reynt hefur verið að færa allt sem fundið var að til betri vegar.

Hreinsun

Hverfamiðstöðin á Njarðargötu brást þegar við og hreinsað það svæði sem telst almannarými en það er bílaplan og mikið notuð gönguleið frá Skólavörðustíg að Iðnaðarmannahúsi og er það nú í þokkalegu standi þó gera mætti átak og hreinsa gróður sem vex upp milli gangstéttarhellna og hreinsa beð. Ástandið er enn sýnu verst á bílastæði í einkaeigu sem liggur austan Ingólfsstrætis milli húsana 5 og 7 en þar hefur allt flotið í rusli í vetur. Heilbrigðiseftirlitinu var fyrst gert viðvart í byrjun maí 2017 og síðan fjórum sinnum í viðbót fram á þennan dag en ástandið hefur ekkert batnað. Formaður ÍMR hefur einnig haft samband við eigendur verslunarinnar Víðis Express sem báru ábyrgð á svæðinu en rekstraraðilar hafa ekki virt hann svars. Nú hefur Víðir lokað og erfitt hefur reynt að finna rétta eigendur lóðarinnar en sögusagnir eru uppi um að til standi að byggja 3ja hæða hús á lóðinni.

Lýsing

Íbúar á Skólavörðustíg 6b hafa gert átak til að bæta lýsingu á gönguleiðini umhverfis húsið en óskir um að borgin setji upp fleiri ljósastaura á svæðinu hafa engan árangur borið en á bílastæðinu norðan við Iðnaðarmannahúsið eru einungis tveir ljósastaurar og í bílastæðahúsinu er lýsingu ábótavant. Rætt var um að íbúar gættu þess að útidyr ljós þeirra væru virk og hefur það gengið eftir en einnig þyrfti borgin að bæta þarna lýsingu.

Gönguleiðir

Mikið ónæði var af fólki sem kom frá öldurhúsum í Ingólfsstræti og hafðist við undir skyggni á Skólavörðustíg 6B og á bílastæði á lóð Ingólfsstrætis 7 og fór þar fram mikil fíkniefnaneysla og sala. Í umhverfisgöngunni 16. ágúst var rætt um að þar þyrfti að koma upp mannheldri girðingu á mörkun lóða Skólavörðustígs 6B og Ingólfsstrætis 7 en spurningin



Mynd 2 Girðing á lóðamörkunum Skólavörðustígs 6b og Ingólfsstrætis 7 er ekkert augnauki en hefur sannað sig því nú er umferð næturgesta um svæðið miklu minni en áður var.



Mynd 3 Útfærsla Ásu Hauksdóttur á hlöðnum vegg úr holtagrjóti í stíl við hlaðna vegg á húsunum Skólavörðustígs 4 og 4c sem íbúarnir vilja að verði reistar á lóðamörkunum.

var hver ætti að reisa hana og kosta. Þó gönguleiðin þarna sé almannarými þá er lóðin eign íbúa 6B og því tormerki á að borgin kæmi að gerð girðingar. Því var að frumkvæði rakarans Antonios á Skólavörðustíg 6b reist há bárujárngirðing og hefur hún sannað gildi sitt því hún hefur að mestu komið í veg fyrir ráp og mannsöfnuð á þessu

svæði. Mannvirkið er hinsvegar þrátt fyrir notagildið ekki fallett enda reist úr ýmiskonar afgangsefni en girðing á þessum stað yrði fallett ef hún væri hlaðinn veggur úr holtagrjóti í stíl við steinvegg á Skólavörðustíg 4 og 4C.

Veggjakrot

Veggjakrot var viðvarandi vandamál á svæðinu en í ágúst var rætt um að gera sameiginlegt átak og hreinsa svæðið allt í einu og senda kroturunum skýr skilaboð með því. Gerður var samningur við fyrirtækið Allt af um að hreinsa svæðið og vakta það og var það gert með stuðningi Reykjavíkurborgar. Þetta verkefni fór hægt af stað vegna ótíðar í vetur en þegar það loks komst í gang virkaði það mjög vel. Hreinsað var krot af þeim húsum sem verst höfðu orðið úti, Skólavörðustíg 6b, 8 og 10 og Ingólfsstræti 7b og af bílastæðahúsinu Bergstöðum og auk þess voru sett upp viðvörðunarskiliti. Það að hreinsa af allt krot í einu af stóru svæði virðist bera árangur því lítið var krotað á þessi hús eftir það. Nú er lítið krot eftir á svæðinu nema á gafli Ingólfsstrætis 5 og á ruslagámum sem standa þar.



Mynd 4 Hér sést fyrir og eftirmynd af veggjakroti á Iðnaðarmannareit.

Skólavörðustígur

Kvartað var yfir því að hlið sem lokar Skólavörðustíg hefði meðal annars valdið sjúkraflutningamönnum vandræðum og einnig var kvartað yfir myndlistarsýningum sem hafa verið í götunni á sumrin. Engin slík sýning hefur verið opnuð í ár en hliðið er enn það sama.

Ónæði

Ónæði sem hefur verið vegna fíkniefnaneyslu á baklóðunum hefur minnkað og er það að þakka girðingu Antonios rakara. Enn er þó talsvert ónæði vegna vöruflutningabíla sem koma með vörur í Bónus og var rætt um að hvort breyta mætti aðkeyrslu að lagerdyrum Bónus. Formaður ÍMR sendi framkvæmdastjóra Bónus skeyti og óskaði eftir viðræðum en fékk aldrei neitt svar. Nú hefur verið farið fram á deiliskipulagsbreytingu á reitnum svo opna megi útikaffihús norðan við Iðnaðarmannahús en óljóst er hvers eðlis það á að vera svo það er fyllsta ástæða til að vera á varðbergi gegn frekara ónæði á reitnum.

Takk fyrir samstarfið!

Skipað var þriggja manna teymi sem tók að sér að fylgja þeim úrbótum eftir sem nauðsynlegar þóttu. Teymið skipuðu Benóný Ægisson, fulltrúi íbúa, Jóhann Jónsson, fulltrúi rekstraraðila og Elísabet Ingadóttir, fulltrúi Reykjavíkurborgar en síðar tók Sæunn Ósk Unnsteinsdóttir verkefnastjóri

miðborgarmála við af henni. Teymið skipulagði aðgerðir í samráði við íbúa og rekstraraðila og kann þeim bestu þakkir fyrir samstarfið.

ÍMR/21.6.2018/Benóný Ægisson

Matsganga um Iðnaðarmannareit

Matsganga var farin á Iðnaðarmannareit þann 27. júní 2018 og tóku fulltrúar umhverfis og skipulagssviðs, hverfismiðstöðvar við Njarðargötu, þjónustumiðstöðar Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða, miðborgarstjórnar og Bílastæðasjóðs þátt í göngunni ásamt íbúum og rekstraraðilum. Þar sem tíminn til að fara í slíka göngu á sumarleyfistíma er ekki sá besti þá var einnig gerð könnun með því að senda út spurningalista á þá sem eru á netfangalista verkefnisins og var svörunin ágæt með tilliti til dreifingar á reitnum.

Göngufólk og þeir sem svöruðu könnuninni voru sammála um að ástandið á reitnum hefði batnað mikið og voru einkum tvær ástæður fyrir því, annarsvegar hefði nánast tekist að útrýma veggjakroti á reitnum en það var mikið fyrir en hinsvegar að reist hafði verið mannheld girðing á lóðamörkum sem kom í veg fyrir ráp og ágang fólks sem stundaði næturlífið í Ingólfsstræti.



Mynd 5 Íbúar og starfsfólk Reykjavíkurborgar í garðinum hjá Benóný Ægissyni og Ásu Hauksdóttur rétt áður en haldið var af stað í matsgönguna.

Veggjakrot

Í veggjakrotsmálum var farin sú leið að gerður var samningur við fyrirtækið Allt af um að hreinsa burt allt krot og halda svæðinu hreinu um nokkra stund. Reykjavíkurborg átti aðkomu að þessum samningi því hér var um tilraunaverkefni að ræða og mikið í húfi að vel til tækist því veggjakrot hefur verið vaxandi plága í miðborginni og hefur reynst húseigendum mjög kostnaðarsöm. Svo vel tókst til með tilraunina að eftir fyrstu hreinsun var lítið sem ekkert krotað og það litla sem kom var fjarlæggt jafnóðum. Þarna er því ef til vill komin aðferð í baráttunni við veggjakrotið sem virkar til að losna við þessi hvímeiðu skemmdarverk.

Ónæði frá næturlífi

Almenn ánægja er með notagildi girðingar sem rakarinn Antonio á 6b kom upp á lóðamörkum Skólavörðustígs 6b og Ingólfsstrætis 7. Girðingin kemur í veg fyrir að fólk sem stundar barina í Ingólfsstræti eigi greiða leið yfir lóðirnar en þar fór fram all umfangsmikil fíknafnaneysla og sala með tilheyrandi ónæði fyrir ári síðan. Eftir tilkomu girðingarinnar hefur ástandið breyst til hins betra en hinsvegar þykir hún ekkert augnayndi eins og komið verður inn á síðar.



Mynd 6 Hugmyndir af nýjum vegg skoðaðar.

Hreinsun

Umgengni um reitinn hefur batnað mikið og er það líklega vegna þess að allt krot hefur verið fjarlæggt og því virkar reiturinn hreinni og færri finna hvöt hjá sér til að henda á hann rusli. Regluleg hreinsun reitsins er þó nauðsyn enda er um hann fjölfarin gönguleið frá Skólavörðustíg að bílastæðum, bílastæðahúsinu Bergsstöðum og Bónusverslun. Rusl var í bílastæðahúsi og á bílplani og gróður í gangstéttum en vert er að geta þess að hverfismiðstöðin hefur tekið myndarlega á þessum málum núna. Sýnu verst er þó ástandið á bílplaninu við Ingólfsstræti 7 þrátt fyrir að reynt hafi verið að fá eigendur þess til að hreinsa það og kvartað yfir ruslinu til Heilbrigðiseftirlitsins. Einnig mætti fjölga rusladöllum í kringum Bónusverslunina en þar er bara einn slíkur og svo rusladallar verslunarinnar en þeir eru teknir inn þegar verslunin lokar.

Öryggi og eftirlit

Fólk sem býr og starfar á reitnum finnur til meira öryggis en í fyrra og eru helstu ástæðurnar þær að tekist hefur að uppræta veggjakrotið og títtnefnd girðing hefur minnkað ráp um svæðið. Svæðið er þó illa lýst bakatil því þar eru engir ljósastaurar og eru útljós húsanna nánast eina lýsingin. Sú lýsing er nú að mestu leyti í lagi nema lýsing í bílastæðahúsi þar sem mörg ljósanna voru óvirk. Sterkari lýsing og fleiri eftirlitsmyndavélar á öllum reitnum væru til mikilla bóta og einnig meiri sýnileika lögreglu til að koma í veg fyrir veggjakrot og fíkniefnasölu.

Fegrun

Aðspurt um hvað mætti gera til að fegra reitinn segir fólk að auka mætti gróður á reitnum, koma upp blómakerjum og planta trjám. Einnig er lagt til að koma upp bekkjum og listaverkum og gera stórt vegglistaverk á Iðnaðarmannahúsið. Eitt eru þó allir sammála um en það er að koma upp varanlegri og fallettri girðingu á lóðamörkum Skólavörðustígs 6b og Ingólfsstrætis 7 en sú sem er þar núna var gerð af vanefnum og er ekkert augnayndi. Helst er horft til þess að hlaða vegg úr holtagrjóti en það myndi fara vel við steinhleðslur í húsunum Skólavörðustíg 4 og 4c.

Annað

Annað sem barst í tal í UmHverfisgöngunni var ónæði frá næturlífinu en mikill hávaði berst frá nærliggjandi krám og skemmtistöðum og hegðun skemmtistaðagesta er ekki alltaf til fyrirmyndar. Þá var einnig kvartað yfir ónæði vegna sorphirðu að nóttu til og vöruflutninga til verslunarinnar Bónus en þeir eru allmiklir og fylgir þeim bæði hávaði og mengun.

Að lokum

Það er mál manna á Iðnaðarmannareit að verkefnið UmHverfisganga hafi orðið þeim sem þar búa og starfa til góðs. Mikil samstaða hefur verið um að bæta ástandið og höfum við notið dyggrar aðstoðar starfsmanna Reykjavíkurborgar við það. Verkefnið hefur orðið til þess að stytta boðleiðir milli allra þessara aðila og því er einfaldara að takast á við þau mál sem upp munu koma í framtíðinni.

Fylgiskjal 1. Könnun

Umhverfisganga um Iðnaðarmannareit - Könnun / mat

Þar sem mæting í gönguna um Iðnaðarmannareit sem farin var til að meta áhrif verkefnisins var ekki ekki mikil enda farin þegar margir voru komnir í sumarfrí var gerð sérstök tölvupóstkönnun til að fá álit sem flestra á því hvernig tókst til. Spurningarnar voru eftirfarandi:

- 1) Er ástandið á reitnum betra eða verra núna en það var fyrir tæpu ári?
- 2) Hvað má enn bæta?
- 3) Hvað er nauðsynlegt að gera?
- 4) Eruð þið öruggari núna með tilliti til glæpa og skemmdarverka ss. Veggjakrots?
- 5) Hvað þarf til að auka öryggi (betri lýsingu, fleiri eftirlitsmyndavélar, aukna löggæslu, nágrannavörslu osfrv)?
- 6) Hvað um ástand eigna og umhverfis, gróður, viðhald og hreinsun á reitnum, hefur það batnað eða versnað?
- 7) Hvað um ónæði vegna næturlífs, vörulosunar, sorplosunar, hávaða frá vélsópum eða umgangi ferðamanna, verðurðu var við slíkt og er það meira eða minna en áður?
- 8) Hvað er hægt að gera til að fegra reitinn?
- 9) Annað sem þú vilt taka fram?

Svör þátttakenda voru eftirfarandi:

1) Er ástandið á reitnum betra eða verra núna en það var fyrir tæpu ári?

Mér finnst ástandið vera mun betra en fyrir ári síðan, bæði á húsinu okkar á Skólavörðustíg 10 og hér í kringum Bergstaði bílahús.

Mun betra.

Miklu betra.

Ástandið er talsvert betra en fyrir ári.

Mér þykir ástandið hafa batnað einna helst í veggjakrotsmálum. Það er dásamlegt að ganga um og sjá hvernig krot á vegg. Eins þykir mér skiltið á bílastæðahúsinu vera gott þar sem minnt er á eftirlit með svæðinu. Nú er bara að ræða og ákveða hvert framhaldið verður.

Mun betra.

Ástandið hefur skánað að því leyti að búið er að hreinsa veggjakrot en það er reyndar aðeins farið að krota aftur.

Ástandið er almennt mun betra, mun minna um veggjakrot og almenn læti sem hafa fylgt því að það var hægt að ganga í gegnum bílastæðin við Ingólfsstræti 5 upp að Skólavörðustíg 6b. Hins vegar hefur hávaði og ónæði frá nærliggjandi skemmtistöðum aukist til muna og hávaði aukist mikið.

Að mínu mati hefur ástandið á reitnum sem verst var farinn (bílastæðin upp af Ingólfsstræti þar sem dópistar söfnuðust saman) skánað eftir að hróflað var upp hárrí girðingu af einum íbúa í húsi okkar Skólavörðustíg 6b. Það skiptir greinilega gríðarlega miklu máli að ekki skuli vera hægt að ganga þarna í gegn og hreiðra um sig á gangstéttinni við útidyrnar okkar. Skíturinn er sá sami á þessu plani, enda enginn sem þrífur ósómman

2) Hvað má enn bæta?

Mér finnst alltaf megi bæta í lýsingu. Td er mikið um krot, fíkniviðskipti og neyslu þeirra á Bergstöðum uppi, undir húsinu. Þar er engin lýsing, en samt tengi í lofti á amk 2 stöðum.

Regluleg þrif á stígum

2 -3. Regluleg þrif á reitnum.

Bæta má lýsingu enn frekar, sérstaklega í porti austan við Skólavörðustíg 6B (við kjallaraútgang Ostabúðarinnar), en það er það svæði sem best blasir við okkur. Þá má og koma upp myndavél(um) en það er til lítills nema refsingar fylgi í kölfar brota.

Bílastæðið norðan Bónus er nú nýbúið að hreinsa, var víst gert meðan ég var erlendis en annars er ástandið þar oftast frekar dapurlegt, mikið um rusl. Sjálf tóni ég þar iðulega upp rusl þegar ég kem heim úr vinnunni, a.m.k. stærstu stykkin. Er ekki frá því að það vanti ruslafötur í nágrenninu, ekki síst með tilliti til fjölgunar ferðamanna. Hef gengið um nágrennið og finnst eins og ruslafötum hafi fækkað. Horfnar t.d. af horni Bankastrætis og Ingólfsstrætis og aðeins ein tunna norðvestan við Bónus í okkar götu.

Það mætti reisa varanlega og mannhelda girðingu fyrir framan inngang Skólavörðustíg 6b (í stað þeirrar sem reist var af eiganda rakarastofu var), og væri best ef borgaryfirvöld fjármöggnuðu það.

Þrif á reitnum og fá fleiri öryggismyndavélar.

Setja þarf upp betra grindverk við Skólavörðustíg 6b. Það sem fyrir er hefur sýnt að það þjónar tilgagnni en er gríðarlegt lýti á umhverfið. Setja þarf upp fleiri ruslatunnur. Að auki má bílastæðaplandið við Iðnarmannahúsið vera þrifið, sem virðist ekki hafa verið gert mjög lengi; niðurföll stífluð og laufblöð frá fyrri haustum orðin að moltu.

Þarna þarf að flóðlýsa (þ.e. setja upp sterk ljós sem kvikna við umgang) og lögreglan þarf að vera sýnilegri og hræða dópsalana/neytendurna í burtu.

3) Hvað er nauðsynlegt að gera?

Mér finnst líka megi setja eftirlitsmyndavélar á sem flesta staði, það virðist fæla frá neyslu og veggjakrot.

Tala saman

Reisa ofangreinda girðingu.

Halda áfram þessu starfi sem unnið hefur verið. Viðhalda þrifum á kroti og almennum sóðaskap sem fylgir því að allt í kring eru skemmtistaðir sem eru opnir til morguns.

Það þarf að setja varanlega girðingu – fallega – svo borin verði virðing fyrir umhverfinu. Góð hugmynd væri að setja hleðslu með fallegri girðingu ofaná þannig að fólk príli ekki yfir.

4) Eruð þið öruggari núna með tilliti til glæpa og skemmdarverka ss. veggjakrots?

Já, amk til veggjakrots

Meira öryggi

Já, það er okkar upplifun.

Veggjakrot hefur klárlega minnkað til muna.

Við erum öruggari með batnandi ástandi

Já, sérstaklega vegna bráðabirgðagirðingarinnar framan við Skólavörðustíg 6b.

Nei, ekki nægilega örugg, a.m.k. ekki fyrir veggjakrotinu.

Já.

Það varð mikil breyting á hræðslunni sem greip mig og fleiri íbúa í hvert sinn sem drukkinn/dópaður skríll safnaðist saman fyrir framan innganginn okkar. Lýðurinn virðist ekki klifra yfir bárujárns vegginn og maður er tiltölulega öruggur að ganga heim úr vinnunni á kvöldin. Veggjakroti hefur verið haldið í skefjum með aðgerðum sem við fórum í með borginni og íbúum.

5) Hvað þarf til að auka öryggi (betri lýsingu, fleiri eftirlitsmyndavélar, aukna löggæslu, nágrannavörslu osfrv)?

Nágrannavarsla væri sniðugt, svo mætti stórefla facebook grúppu fyrir íbúa og fyrirtæki í kringum reitinn. Skiptast þar á upplýsingum.

Nágrannavarsla, myndavélar, lýsing og sýnileg löggæsla æskileg.

Betri lýsingu milli húsanna, mögulega aukin löggæsla.

Enn er nokkuð um sölu fíkniefna í austurporti S6B (sbr. nr. 2), sérstaklega í tröppunum. Líklegt má telja að það minnki með bættri lýsingu og myndavélum en þessi sala gæti fengið meiri athygli frá lögregluþyriföldum en veggjakrot. Kannski ekki! Þetta snýst alltaf að lokum um að brotamönnum sé refsað. Hægt væri að hugsa sér sjóð sem kostaður væri af smærri íbúasellum og styrktur af opinberum aðilum sem tæki að sér rekstur myndavéla, lýsingu o.fl. Þá væri hægt að setja upp myndavélakassa og færa eina myndavél á milli líkt og gert var (er?) með hraðakstursmyndavélar til að lækka kostnað.

Fleiri eftirlitsmyndavélar á öllum reitnum og sterkari lýsingu og meiri sýnileika lögreglu.

Gott væri að bæta lýsingu en þar stendur reyndar upp á húseigendur sums staðar. Þá þyrfti að bæta við öryggismyndavélum sums staðar.

Auka lýsingu og sýnileika löggæslu, sér í lagi um helgar og þá aðallega í bílastæðinu við Ingólfsstræti 5. Helst þyrfti að vera hægt að loka því fyrir gangandi vegfarendum alveg, aðallega á kvöldin þar sem fólk safnast þar saman til þess að reykja, garga, æla og allt sem fólki dettur í hug frameftir morgni.

Allt þetta sem kemur fram í spurningunni myndi gera íbúum bærilegra að búa á þessum hávaðasama reit. Það er stanslaus straumur af háværu fólki sem gengur frá Ingólfsstræti (þar sem eru alltof mörg öldurhús) um miðjar nætur um helgar. Það væri hugsanlega betra ástand að girða af hluta af bílastæðum og einnig að gera fólki erfiðara fyrir að ösla hrópandi af bílastæðaplaninu fyrir framan Blockburger niður tröppurnar og yfir bílastæðaplanið milli hússins okkar á Skólavörðustíg 6b og Hallveigarstígs (Bónus) Ég mæli með stórauðinni löggæslu, myndavélum, nágrannavörslu og betri lýsingu og fullyrði að allir íbúar á þessu svæði væru tilbúnir að taka þátt í að gera þetta lífvænlegra íbúasvæði.

6) Hvað um ástand eigna og umhverfis, gróður, viðhald og hreinsun á reitnum, hefur það batnað eða versnað?

Hefur batnað finnst mér mikið, sérstaklega veggjakrot. Hreinsun á glerbrotum og rusli er samt enn ábótavant hér í kringum Bergstaði.

Batnað en má bæta þarf að setja á plan

Ástand hefur batnað.

Lítill breyting. Mætti bæta hreinsun og fegra með meiri gróðri.

Þyrfti að bæta það sums staðar, m.a. hjá okkur esperantistum. Stefnum að því að gera við glugga hjá okkur með haustinu. Oft er talsvert rusl við hús að morgunlagi. Þyrfti að setja upp litla rusladalla svo fólk henti ekki draslinu beint á stéttirnar.

Hreinsun þarf að vera mun betri.

Það fylgir gámum og flutningabifreiðum sem sinna Bónus og Hallveigarstíg 1, gríðarleg óþrif og hljóðmengun. Ég átta mig ekki á því hvort ástandið hefur batnað eða versnað á þessu eina ári sem ég hef búið hér. Ég hef háð styrjaldir við alla byrgja Bónus því fjölmargir bílstjórar þessara trukka höfðu m.a.s bílana í gangi (þ.e. drápu ekki á vélinni) á meðan þeir affermdu bílana. Ég hef klagt þá margsinnis, tekið myndir og sent fyrirtækjunum og ég sendi reglulega póst á yfirmenn Bónus þar sem ég skora á þá að axla ábyrgð á þessum flutningabílum með því t.d. að taka ekki við vörum þeirra, fyrr en búið er að drepa á bílunum. Ég hleyp þar að auki gjarnan út og tala við bílstjórana og verslunarstjóran (algjör leiðindakerling í þeirra augum). Ástandið hefur skánað hvað varðar útblástur bifreiðanna en ruslið í kring um gáminn er oft mjög viðbjóðslegt.

Þeir sem leggja bílum sínum í bílastæðinn hafa þá líka í gangi langtímum saman og ég bið um að sett verði upp mörg skilti á alla veggi á húsunum þar sem stendur: Drepið á bílunum, mengið ekki umhverfið (nota skiltin sem eru á girðingum allra leikskóla).

Sé reyndar að ég gleymdi að minnast á rusladalla. Bónus tekur sína inn þegar þeir loka og þá eru engir dallar á planinu.

7) Hvað um ónæði vegna næturlífs, vörulosunar, sorplosunar, hávaða frá vélsópum, flugi eða umgangi ferðamanna, verðið þið vör við slíkt og er það meira eða minna en áður?

Ónæði vegna næturlífs er eins finnst mér sl. 10 ár, en mikill munur er á ferðamönnum, mikil aukning, erfiðara að fá bílastæði og slíkt -sem er svo sem eðlilegt í miðborgum. Mér finnst gott að Skólavst. sé með sumarlokun. En persónulega þá er smá ónæði frá kúnnum Kaffifélagsins sem mæta hér kl 8 virka morgna og standa úti og reykja, drekka kaffi. Mikill skvaldur og hlátur....bara smá tuð fyrir okkur sem erum í vaktavinnu. Næturlífið um helgar og svo þetta alla virka morgna ;/

Erum í miðborg sem skapar fjölbreitt líf og virðisauka sem skilar sér mis illa inn

Dregið úr hávaða vegna næsturlífs, annað óbreytt (veldur ekki verulegri truflun).

Ónæði er enn mikið vegna vöruflutninga og sorphirðu. Slaka má á kröfum vegna almennrar sorphirðu borgarinnar og sætta sig við að hún fari fram snemma á morgnana enda er hún nauðsynleg íbúum. Vöruflutningar og sorphirða fyrirtækja er allt annað mál og slíkt á skilyrðislaust að fylgja lögum og aldrei að fara fram fyrir kl 7 á morgnana. Það er hluti af reksti fyrirtækja að fylgja lögum og lög um ónæði voru þeim öll vel kunn þegar þau ákváðu að hefja hér rekstur. Ef þau vilja fá undanþágur getum við sest niður og samið um það eins og annað í viðskiptarekstri.

Ónæði vegna ferðamanna í einkahúsum hefur aukist mjög. Það minnkar vonandi með auknu eftirliti með slíkum rekstri sem nú hefur verið komið á en benda má rektraraðilum á að fræða gesti sína um að hér sé

um að ræða íbúahverfi og að þeir skuli hegða sér í samræmi við það. Helst er næturónæði af fólki á leið í og úr flugi og af yngra fólki sem notar einkaíbúðir sem skemmtistaði.

Fjölgun ferðamanna hefur óneitanlega komið við okkur þó ég vilji ekki beint tala um ónæði. Það fara hér um heilu hjarðirnar um en einna helst finnur maður fyrir því í skorti á bílastæðum og svo ös og vöru”skorti” í hverfisversluninni, Bónus ☹ en heldur vil ég ferðamennina en næturgestina í miðbænum.

Enn er töluvert ónæði af fyrrnefndum gestum öldurhúsanna í nágrenninu en eftir að við girtum umhverfis húsið okkar er maður aðeins öruggari því þá kemur fólk ekki alveg að gluggunum í misjöfnum tilgangi. Aðallega er um að ræða háreysti frá fólki sem hefst við á einkabílastæðinu milli húsanna við Ingólfsstræti 5 og 7. Þökk sé rakaranum okkar þá hefur dregið snarlega úr viðveru fólks undir skýlinu við Skólavörðustíg 6b.

Og að lokum vil ég segja að mér þykir hávaði frá veitingastöðunum, tónlist, vera fullmikill. Eiginlega blöskraði mér dynurinn þegar ég kom heim í nótt. Hef yfirleitt verið sofandi með tappa í eyrum á þessum tíma og ekki orðið jafn vör við hann áður.

Nokkuð minna ónæði sökum næturlífs (líklega vegna girðingar), þónokkuð ónæði vegna flugs, svipað og áður.

Mikilvægt er að draga úr ónæði sem stafar af óreglufólki á bílastæði vestan við Skólavörðustíg 6b (við hlið húss Benónýs)

Ónæðið er mest af völdum hávaða frá skemmtistöðum í kring. Hurðar eru hafðar opnar öll kvöld og allar nætur og er mikill hávaði bæði frá tónlist og gargandi fólki. Athuga mætti með að stytta opnunartíma.

Eins og fram hefur komið í mínum athugasemdum hér að ofan þá eru helgarnar óbærilega hávaðasamar á næturnar. Drukkið æpandi fólk veður allt í kring um okkar hús (Skólavörðustígur 6b) og hef ég oft þurft að hringja á lögregluna og til að láta reka fólk sem veldur slíku ónæði af svæðinu. Trukkarnir sem losa vörur í Bónus valda mikilli hljóðmengun og útblástursmengun og gámaþjónusta vekur allt hverfið mjög reglulega um kl. 5:00 á morgnana (í leyfisleysi því þeir mega ekki koma fyrr en eftir kl. 7:00) og hef ég klagað þá nokkrum sinnum. Þetta hefur verið vandamál allar götur frá því að ég flutti hingað fyrir einu ári síðan. Ferðamenn valda ekki hljóðmengun og götusópar mættu koma oftar. Flug truflar ekki fólk á þessum reit, svo ég viti til.

8) Hvað er hægt að gera til að fegra reitinn?

Meiri gróður td.

Eftirfylgni. Verum jákvæð gagnkvæmt breytingum

Huga betur að gróðri, blómapottar o. fl.

Gera mætti eitthvað fyrir norðurvegg Iðnaðarmannahússins, t.d. risastórt vegglistaverk. Það mætti gera nýtt með reglulegu millibili.

Timabundinn bárujárnsveggur sem settur var upp vestan við Skólavörðustíg 6,B virðist gera gagn og minnka óæskilegan umgang í gegnum bílastæðið við Ingólfsstrætið – allavegana okkar megin við vegginn. Gera má þennan vegg veglegri og fallelgri til frambúðar.

Setja blómaker og planta trjám. Gera svæðið grænna og e.t.v koma fyrir bekkjum og listaverkum/skúlptúrum.

Auka þrif eftir helgar og fjölga ruslatunnum (og tæmingu á þeim)

Mín tillaga er sú að fylla allan þennan reit af gróðri – allar gangstéttar í kring um öll húsin og fegra svæðið með blómum, trjá, runnum, bekkjum, listaverkum, hleðslum o.fl. Sú aðgerð myndi halda óþjóðalýð í skefjum, því eins og allar rannsóknir sýna um allan heim, þá eykst virðing vandræðagema fyrir umhverfi sem er skreytt og fegrað, færri glæpir eiga sér stað og minni vandalism/eyðilegging.

9) Annað sem þú vilt taka fram?

Takk fyrir ykkar framlag og vilja til að gera betur.

Þetta er búið að vera mjög gott og farsælt verk sem hefur skilað miklu, en mikið verk framundan við þurfum að fá tilboð í eftirfygdni á veggjakroti og tryggja þrif í kringum húsin. Ég vill þakka borginni fyrir þetta verk með okkur og vona svo innilega að þessu verður fylgt efir með okkur og nágrenni til framtíðar í góðu samstarfi, þökk sé Sæunni.

Bárujárnsgirðing vestan við Skólavs. 6 hefur dregið úr fíknefnaneyslu og minkað hávað og umgang. Þyrfti að endursmíða úr betra efni. Starfsemi rakarastofu til bóta fyrir reitinn.

Kærar þakkir fyrir þá vinnu sem þú ert að leggja í þetta. Vonandi færðu betri viðbrögð en í gönguna!

Við íbúarnir erum tilbúin til þess að leggja okkar af mörkum ef Reykjavíkurborg er til í aðgerðir sem bæta mannlífið hér á umræddum reit. Ég býð mig fram til skrafs og ráðagerða með góðu embættisfólki borgarinnar, ef áhugi er fyrir hendi ☺

Að lokum mun ég persónulega berjast með kjafti og klóm gegn því að fleiri leyfi verði gefin fyrir öldurhúsum hér í kring, sbr. hugmyndin að veislusalur á Hallveigarstíg 1 fái að opna útisvæði sem snýr að íbúðarhúsi okkar. Það er fáránleg hugmynd og myndi gera útslagið að fá fleira æpandi drukkna aðila í partyið sem á sér stað hér um helgar!

Veggjakrot og umhverfisvakt



Ágætu íbúar, rekstraraðilar og eigendur fasteigna á Iðnaðarmannareit

Við höfum búið við óásættanlegt ástand um nokkra hríð vegna mikils veggjakrots, slæmrar umgengni, sóðaskapar, skemmdarverka, ónæðis vegna hávaða, fíkniefnaneyslu og sölu. Við þetta er ekki búandi lengur en ástandinu verður vart breytt nema með samstilltu átaki þeirra sem hér starfa og búa, starfsfólks Reykjavíkurborgar og lögreglu. Íbúasamtök Miðborgar eru nú að fara af stað með tilraunaverkefni sem ber nafnið UmHverfisgöngur eða Umhverfisvakt sem miða að því að bæta nærumhverfi fólks í samráði við borgaryfirvöld.

UmHverfisgöngur

UmHverfisgöngur eru göngur um afmörkuð svæði eða götur í hverfi og er tilgangur þeirra að vera samráðsvettvangur borgaryfirvalda við íbúa til að bæta umhverfi þeirra. Hverfisgöngur sem þessar eru aðferð til að leita samráðs við íbúa og þá sem eru starfandi í ákveðnu hverfi, götu eða hverfishluta um hvernig þeir upplifi nærumhverfið, t.d. með tilliti til öryggis, útiveru, aðgengi að þjónustu o.s.frv. Þátttakendur geta auk íbúa verið kjörnir fulltrúar, starfsfólk sveitarfélags á umhverfisviði og aðrir sem bera ábyrgð á hvernig nærumhverfið lítur út. Það felur í sér að fólk gengur saman um hverfið, eftir fyrirfram ákveðinni leið, og skoðar hvernig

umhverfið lítur út með tilliti til öryggis og lífsgæða og ræðir hvaða úrbóta sé þörf. Gangan tekur ekki lengri tíma en 1,5 klst og er farin seinni hluta dags á virkum degi og vegalengdin má ekki vera lengri en 3 km. Reykjavíkurborg styrkir verkefnið.

Nú stendur til að fara slíka göngu um Iðnaðarmannareit og ef þú hefur áhuga á að taka þátt í þessu verkefni sendu þá undirrituðum tölvupóst, hringdu í hann eða sendu honum SMS. Ég þarf nafn, netfang og síma og ekki væri verra að fá ábendingar um hvað betur má fara. Eins og sést á meðfylgjandi myndum er ástandið slæmt og því þyrfti gangan að vera fljótlega, helst fyrir miðjan ágústmánuð.

Veggjakrot

Veggjakrotsteymi Miðborgarstjórnar hefur ákveðið að næsta verkefni teymisins verði að vinna með bílastæðahúsið Bergstaði og svæðið þar fyrir neðan. Borgin hefur verktaka á sínum snærum sem málur yfir það sem tilheyrir borginni og aðstoðar húseigendur og húsfélög við að mála yfir veggjakrot og ráðleggur um hvernig er best er að halda veggjum hreinum. Hann kemur þá og málur á kostnað borgarinnar en rukkar eitthvað smotteri fyrir málninguna. Það sem húseigendur þurfa að gera er að fara á þjónustuvef borgarinnar (<http://reykjavik.is/thjonusta/abendingar-til-borgarinnar>) og óska eftir aðstoð þar og einnig að senda verkefnisstjóranum Elísabetu (elisabet.ingadottir@reykjavik.is) póst. Svo á alltaf að kæra þessi skemmdarverk til lögreglu.

Iðnaðarmannareitur

Iðnaðarmannareitur er sunnan Skólavörðustígs og markast af Skólavörðustíg, Bergstaðastræti og Ingólfsstræti. Hér er einkum horft til bakhúsa og baklóða enda er ástandið þar verst. Bréf þetta er borið út til þeirra sem búa og starfa á Skólavörðustíg 4, 4a,b og c, 6, 6b, 8 og 10 og Ingólfsstræti 5, 7, 7a og b. Samrit er sent til Hverfisráðs Miðborgar, verkefnisstjóra miðborgarmála, Umhverfis og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, Þjónustumiðstöðvar Miðborgar, Bílastæðasjóðs og Lögreglunnar á Höfuðborgarsvæðinu.

F.h. Íbúasamtaka Miðborgar

Benóný Ægisson formaður

midbaerinn@midbaerinn.is

Símar: 551 4612 & 897 8694



Fylgiskjal 3 – bréf vegna umhverfisgöngu

Til framkvæmdastjóra Bónus

Sæll Guðmundur

Fyrsta UmHverfisganga Íbúasamtaka Miðborgar Reykjavíkur var gengin 16. ágúst s.l. um Iðnaðamannareit, sunnan Skólavörðustígs neðanverðs. Þarna er blönduð byggð, íbúa og fyrirtækja, borgareignir og eignir í eigu almennings, veitingastaðir og ferðamannagisting svo nokkuð sé nefnt og syðst á reitnum er Bónusverslun.

Þátttakendur í göngunni voru auk íbúa og rekstraraðila á svæðinu, fulltrúar frá Umhverfis og skipulagssviði, Bílastæðasjóði, Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða, Miðborgarstjórn og Lögreglustöð 1. Í göngunni var einkum hugað að baklóðum, gönguleiðum milli húsa og bílastæðum og það sem var skoðað var m.a. veggjakrot, lýsing, skemmdarverk, sóðaskapur og slæm umgengni og rætt um hreinsun og lagfæringar, ónæði vegna hávaða.

Fólk sem býr í húsunum næst hleðsludryrum Bónusverslunarinnar kvartaði yfir ónæði vegna vöruflutningabíla sem koma með vörur í Bónus. Margir bílstjóranna bakka yfir allt bílastæðið norðan við Bónus með tilheyrandi viðvörunarhljóðum og ónæði fyrir íbúa og einkum er þessi umferð snemma á morgnana. Undirritaður sem er formaður Íbúasamtakanna tók að sér að hafa samband við stjórnendur fyrirtækisins til að fara fram á betra fyrirkomulag á þessum flutningum svo við getum öll verið hér saman í sátt og samlyndi. Undirritaður og íbúar í nærliggjandi húsum eru tilbúin til að aðstoða við að finna viðunandi lausn á þessu máli.

Til eiganda Víðis Express

Sæll Eiríkur

Fyrsta UmHverfisganga Íbúasamtaka Miðborgar Reykjavíkur var gengin 16. ágúst s.l. um Iðnaðamannareit, sunnan Skólavörðustígs neðanverðs. Þarna er blönduð byggð, íbúa og fyrirtækja, borgareignir og eignir í eigu almennings, veitingastaðir og ferðamannagisting svo nokkuð sé nefnt og í Ingólfsstræti 5 er verslunin Víðir express.

Þátttakendur í göngunni voru auk íbúa og rekstraraðila á svæðinu, fulltrúar frá Umhverfis og skipulagssviði, Bílastæðasjóði, Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða, Miðborgarstjórn og Lögreglustöð 1. Í göngunni var einkum hugað að baklóðum, gönguleiðum milli húsa og bílastæðum og það sem var skoðað var m.a. veggjakrot, lýsing, skemmdarverk, sóðaskapur og slæm umgengni og rætt um hreinsun og lagfæringar, og ónæði vegna hávaða.

Kvartað var yfir sóðaskap á bílastæðinu milli Ingólfsstrætis 5 og 7 og skilst undirrituðum sem er formaður Íbúasamtakanna að bílaplan þetta sé á vegum verslunarinnar Víðis express. Svæði þetta nota gestir nærliggjandi öldurhúsa mikið til fíkniefnaneyslu og hefur ýmislegt ókræsilegt rusl fundist þarna þar á meðal sprautur og sprautunálar en þrifum á þessu plani hefur verið ábótavant. Helst vildu nágrannarnir að þessu svæði yrði lokað af með girðingum og hliði til að koma í veg fyrir mannsöfnuð þarna en mjög yrði til bóta ef lýsing yrði bætt þarna og þrifið reglulega. Undirritaður og íbúar í nærliggjandi húsum eru orðnir langþreyttir á þessu ástandi og fara fram á samstarf við ykkur til að hægt sé að finna viðunandi lausn á þessu máli.

Engin svör bárust við þessum erindum

Til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Sent: 7. maí 2017 18:10

Subject: Sóðaskapur á bílaplani

Heil og sæl

Meðfylgjandi myndir eru af einkabílastæðum á lóðinni við húsið númer 7 við Ingólfsstræti. Eins og sést er ástandið slæmt, rusl og skítur, plastglös og plastpokar frá nærliggjandi börum og eiturylfjasölum og svona hefur þetta verið undanfarið ár. Plan þetta er á gönguleið milli Skólavörðustígs og Hallveigarstígs og Ingólfsstrætis og þarna ganga margir um daglega. Planið tilheyrir versluninni Víðir Express Ingólfsstræt 5 og þeir hafa í engu sinnt kvörtunum okkar nágrannanna um að hreinsa planið og því sný ég mér til ykkar og fer fram á að Heilbrigðiseftirlitið knýi fram umbætur í þessu máli.

Kær kveðja

B

17. ágúst 2017

Ágæta eftirlit

Mér leikur forvitni á að vita til hvaða aðgerða heilbrigðiseftirlitið hefur gripið á umræddu bílaplani. Í gær var farin Umhverfisganga um þetta svæði og voru þátttakendur í göngunni auk íbúa og rekstraraðila á svæðinu, fulltrúar frá Umhverfis og skipulagssviði, Bílastæðasjóði, Þjónustumiðstöð Miðborgar, Miðborgarstjórn og Lögreglustöð 1 og var fólki í göngunni ofboðið því hluti af því rusli sem þarna hefur fundist eru sprautur og sprautunálar. Ekkert hefur breyst á svæðinu síðan ég sendi ykkur bréf mitt þann 7. maí s.l. og því leikur mér forvitni á að vita hvað þið hyggist gera í þessu máli svo ég geti upplýst ofangreinda aðila um það.

Meðfylgjandi er mynd af sprautu sem fannst þarna nýlega

Kær kveðja

Benóný Ægisson

Formaður Íbúasamtaka Miðborgar

17. apríl 2018

Heil og sæl

Enn sný ég mér til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur vegna lóðarinnar við Ingólfsstræti 7 en ég kvartaði yfir sóðaskap á þessari lóð þann 7. maí og 17. ágúst á síðasta ári. Það er skemmst frá því að segja að ekkert hefur batnað á þessari lóð eins og sést á meðfylgjandi myndum. Ég vil því fá að heyra frá ykkur um til hvaða aðgerða þið hafið gripið til að færa þetta til betri vegar.

Kk

B

23. maí 2018

Heil og sæl

Enn sný ég mér til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur vegna lóðarinnar við Ingólfsstræti 7 en ég kvartaði yfir sóðaskap á þessari lóð þann 7. maí og 17. ágúst á síðasta ári og þann 17. apríl 2018. Það er skemmst frá því að segja að ekkert hefur batnað á þessari lóð eins og sést á meðfylgjandi myndum en í nágrenni við þennan ókræsilega ruslahaug er íbúabyggð, matvöruverslanir og veitingastaðir. Ég vil því ítreka að ég vil fá að heyra frá ykkur um til hvaða aðgerða þið hafið gripið til að færa þetta til betri vegar. Hingað til hefur verið fátt um svör frá Heilbrigðiseftirlitinu og ég vil benda á að samkvæmt upplýsingalögum eru allir frestir til að svara margliðnir.

Kk

B

Lítill viðbrögðvoru við þessum erindum önnur en að kvitta fyrir móttöku en nú síðast kom bréf þar sem sagt var að málið væri í vinnslu og stefnt væri að því að lóðin yrði hreinsuð á kostnað eigenda